

Fundargerð aðalfundar Málvísindastofnunar 10. júní 2025 kl. 14.30 í Eddu

Á fundinum voru: Kolbrún Friðriksdóttir (formaður), Lilja Björk Stefánsdóttir, Iris Edda Nowenstein, Stefanie Bade, Þóra Björk Hjartardóttir, Jón Símon Markússon, Ásgrímur Angantýsson og Jóhannes Gísli Jónsson.

Formaður fór yfir rekstrarskýrslu Málvísindastofnunar fyrir árið 2024. Fram kom að fjárhagsleg staða í árslok væri góð. Undir sama lið kom m.a. fram að bækur væru ekki lengur gefnar út undir merkjum Málvísindastofnunar þar sem hún hefur ekki lengur starfsmann á sínum snærum til að annast umfangsmikil útgáfumál. Með þeirri breytingu hefur samvinna við Háskólaútgáfuna verið aukin á síðustu árum og eru endurprentanir nú alfarið í höndum hennar.

Rætt var um styrkveitingar almennt. Þá um hvaða skilyrði væru fyrir doktorsnema til að sækja um ferðastyrki hjá stofnuninni og Hugvísindastofnun. Umræður sköpuðust um mótframlög vegna styrkja úr Nýsköpunarsjóði, einkum þá upphæð mótframlagsins. Í framhaldi af umræðunni var óskað eftir því að skoðað yrði hvort hægt væri að hækka mótframlagið til að bæta kjör nemenda sem vinna að verkefnum og virða betur störf þeirra. Stjórnin bauðst til að taka málið upp á stjórnarfund í kjölfar aðalfundar. Einnig spannst nokkur umræða um þær breytingar sem hafa orðið vegna umsýslu gagnvart styrkjum Nýsköpunarsjóðs sem er nú alfarið í höndum viðkomandi kennara/umsækjanda í stað Hugvísindastofnunar áður.

Einnig var rætt hvort auglýsa eigi að stofnunin geti veitt félögum mótframlag við styrk úr Nýsköpunarsjóði. Það mál verður skoðað af stjórn.

Formaður fór yfir ársskýrslu Málvísindastofnunar fyrir árið 2024. Kom þar m.a. fram að geymslan sem stofnunin hefur haft aðgang að í kjallara Árnagarðs hafi verið tæmd á árinu 2024 en hluti af bókalager hennar var geymdur þar auk bóka sem Háskólaútgáfan annast dreifingu á. Geymslan verður framvegis notuð að meginhluta til af fornleifafræðinni sem er nú með aðstöðu í Árnagarði.

Rætt var um upplýsingar sem koma fram á heimasíðu Málvísindastofnunar, m.a. forsendur þess að verða félagi í stofnuninni. Stjórnin bauðst til að yfirfara heimasíðu stofnunarinnar: m.a. rannsóknarsvið og rannsóknarverkefni og að kalla eftir upplýsingum um ný verkefni á vegum félaga.

Formaður hvatti viðstadda til að huga að styrkjamöguleikum Málvísindastofnunar sem gætu stutt við fyrirbyggjandi verkefni eða til þess að hefja vinnslu nýrra verkefna.

Fundi slitið kl. 15.42.